

Fjórði fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á Selhótelu í Mývatnssveit skólameistara miðvikudaginn 13. júní 2018 klukkan 17:00.

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Drög að dagskrá

1. Fjármál
2. Brautskráning
3. Umsóknir
4. Aukið samstarf við grunnskóla á svæðinu
5. Vopnafjarðarferð kennara
6. Náms/útskriftarferð á haustönn
7. Ráðningar
8. Samþykkt skóladagatal (meðfylgjandi)
9. Stofnun ársins helstu niðurstöður (meðfylgjandi)
10. Sjálfsmatsskýrsla (í viðhengi)
11. Önnur mál
12. Kynning verkefnastjórnar
13. Gamla skólanefndin kvödd

1. Fjármál

a) Uppgjör fyrir árið 2017 liggur enn ekki fyrir. Með hliðsjón af nýjum kjarasamningi er gert ráð fyrir að kennarar við skólann í minni en 50% stjórnunarstöðu fái eins þreps launahækkun.

b) Ársreikningur framkvæmdasjóðs liggur nú fyrir. Helstu niðurstöður eru að afkoma sjóðsins var neikvæð um 1,1 mkr og eru minni húsaleigutekjur helsta skýringin. Eigið fé sjóðsins eru rúmar 10 mkr.

c) Ársreikningur Mötuneytis FL liggur fyrir. Það hefur verið rekið með örlitlu tapi að undanfögnu og því gengið á höfuðstól mötuneytisins. En eigið fé var í árslok 2017 kr. 13,9 mkr. Báðir reikningarnir samþykktir og undirritaðir.

2. Brautskráning

Alls brautskráðust 21 nemandi þann 19. maí síðastliðinn. Að lokinni útskrift voru stofnsett hollvinasamtök Laugaskóla, og bera nafnið Vinir Laugaskóla.

3. Umsóknir

Í dag hafa borist 85 umsóknir, 65 úr 10. bekk og þar af 20 í fyrsta vali. Þetta er umtalsverð aukning frá liðnu ári. Af þessum nýnemum fara 11 á almenna braut. Þar af verða 4 nemendur á Vopnafirði. Af þeim nemendum sem stunduðu nám vetur sækja 38 um áframhaldandi skólavist. Þá stefnir að nemendum á heimavist fjölgi um 15%.

4. Aukið samstarf við grunnskóla á svæðinu

Næsta vetur er gert ráð fyrir að grunnskólanemendum á svæðinu standi til boða valgreinar í íþróttum og jafnvel ákveðnum kjarnagreinum.

5. Vopnafjarðarferð kennara

Flestir af kennurum skólans fóru í ferð sem farin til Vopnafjarðar þar sem kennarar unnu að nýjungum í kennsluháttum fyrir næsta vetur.

6. Náms-/útskriftarferð á haustönn

Nú liggur að nemendur fara til Alicante næsta haust í náms-/útskriftarferð.

7. Ráðningar

Fyrir liggur að Hjördís Sverrisdóttir sem gengt hefur starfi ritara í vetur verður í starfi þvottastjóra næsta vetur. Ásta Gísladóttir fer aftur í starf skólaritara sem verður 40% starfshlutfall næsta vetur. Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir verður heimavistarstjóri ásamt því að sjá um persónuverndarmál.

8. Samþykkt skóladagatal

Nú liggur fyrir samþykkt skóladagatal.

9. Stofnun ársins – helstu niðurstöður.

Skólinn er 21. sæti af 44 yfir stofnanir með 20-29 starfsmenn og í 56. sæti af 145 í heildina. Skólameistari fór yfir aðrar helstu niðurstöður.

10. Sjálfsmatsskýrsla

Liðnum frestað til næsta fundar.

11. Önnur mál.

Önnur mál voru engin.

Að fundi loknum kynnti verkefnisstjórnin vinnu sína og fyrri skólanefnd var kvödd.

Næsti fundur ákveðinn 19. September klukkan 15:00-17:00 á skrifstofu skólameistara.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 18:45.

Baldur B. Daníelsson.